

Hringborðsumræður *Félags um menntarannsóknir* á Menntakviku, 4. október 2019.

Viðfangsefni hringborðsumræðanna var: **Samfélags áhrif menntarannsókna** og kveikjur sem stuðst var við voru þrjár: **Hvernig geta menntarannsóknir aukið gæði skólastarfs og menntunar? Hvernig má efla samvinnu rannsakenda og fagfólks? Hvernig geta menntarannsóknir breytt samfélaginu?**

Sérstakir gestir voru Kristján Kristjánsson heimspekingur, Nanna Kristín Christiansen verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði, Edda Kjartansdóttir aðstoðarskólastjóri og Anna Kristín Sigurðardóttir prófessor við Menntavísindasvið.

Hringborðsumræðum stjórnaði Kolbrún Þ. Pálsdóttir forseti Menntavísindasviðs og formaður stjórnar FUM. Samantekt gerði Oddný Sturludóttir, stjórnarkona FUM

Þátttakendur í hringborðsumræðum voru beðnir um að kynna sig og nefna eitt orð sem þeim þótti endurspeгла menntarannsóknir. Orðin sem nefnd voru: Nemendur, menntun, gæði, samvinna, samstarf, sjálfræði, starendarannsóknir, breytingar, börn, ungmenni, auðmýkt, nýsköpun, traust, hógvæð, þverfaglegleiki, kennari, gerjun og gagnrýnin hugsun.

Í hringborðsumræðunum skiptust sérstakir gestir umræðanna á skoðunum um kveikjurnar þrjár og gestir hringborðsumræðna lögðu orð í belg. Hér verður stiklað á stóru:

Nanna Kristín og Edda sögðu að menntarannsóknir hafi ekki alltaf átt greiðan aðgang að skólastofunni. Almennir grunnskólakennarar hafa ekki alltaf tækifæri til að leggjast yfir og rýna í rannsóknir og þróa aðferðir á þeirra grunni. Rætt um þróunarverkefni sem fjölmargir reykviskir grunnskólar taka þátt í um leiðsagnarnám, sem byggir á aðferðum Shirley Clarke. Hún leitast við að byggja brú frá fræðaheiminum til kennara. Mikil gerjun og þróun hefur sprottið upp af þessu reykviska verkefni. Rætt um hina mikilvægu brúarsmíði, sem of oft er veikbyggð í íslensku skólasamhengi. Hið dýrmætasta í ferlinu er að valdefla kennara, það er áhyggjuefni að fagvitund kennara er oft á tíðum viðkvæm og hlúa þarf að sjálfsmýnd þeirra sem fagfólks. Umgjörðin hefur ekki gefið þeim næg tækifæri til að þroska og byggja upp sjálfsmýnd þeirra og tíma skortir til ígrundunar. Lykilatriði í þróunarstarfi og tengingu rannsókna við vettvang er að kennarar séu við stýrið, séu með frá upphafi. Að þeir valdeflist en upplifi ekki að verið sé að búa til handrit sem þeir þurfi að fylgja.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor sagðist telja að frumkvæði yrði að koma frá kennurum, í því samhengi var rífuð upp heimsókn Catherine Snow á Menntavísindasvið en hún hefur þróað farsælar leiðir til rannsókna þar sem kennarar eru lykilhluthafar og gerendur í ferlinu frá upphafi. Hrafnhildur kveðst sannfærð um að breytingar eigi sér ekki stað og menntarannsóknir komi ekki að gagni nema frumkvæði komi frá kennurum.

Hafdís Guðjónsdóttir prófessor sagðist hafa hlustað á marga kennara flytja erindi á *Menntakviku* þar sem þeir lýstu reynslu sinni af meistaranámi og ferlinu við vinnslu lokaritgerðar byggðri á rannsókn. En þeir spurðu sig: Hvað svo? Þeir fóru aftur til starfa að loknu námsleyfi og annríkið gleypiti þá. Menning skólanna, umgjörð og vinnurammi geri oft á tíðum ekki ráð fyrir að þessi ígrundun geti haldið áfram og að kennarar geti áfram rýnt í eigin rann.

Gestir voru sammála um að menning skólanna og viðhorf stjórnenda skipti hér miklu máli, í lærdómssamfélagi þar sem ígrundun í eigið starf er í forgrunni á að vera hægt að tryggja að kennari hafi svigrúm til að rýna í eigið starf. Þeirri róttæku hugmynd var fleytt inn í umræðuna að á fimm ára fresti myndu allir kennarar starfa utan síns skóla, á skólaskrifstofu, á rannsóknarsetri, á öðru skólastigi, til að fá annað sjónarhorn, öðlast reynslu og yfirsýn og tíma til ígrundunar. Rætt um mikilvægi þess að kennarar fái oftár námsleyfi og áhyggjur voru uppi um hve margir kennarar fá í raun tækifæri til að sækja *Menntakviku*?

Kristín Karlsdóttir fjallar um starfendarannsóknir á leikskólastiginu, sem eru ekki hindrunarlausar en þó afar gott tækifæri til að ígrunda eigið starf, eiga í samtali við aðra um eigið starf. Mikilvægi starfendarannsókna felst ekki síst í því að starfsfólkið sjálft er við stjórnvölinn, það rýnir í eigin rann og tekur upplýsta ákvörðun um: *Já, það er þetta sem ég vil gera.*

Kolbrún Þ. Pálsdóttir varar þó við því að talað sé eins og það sé almennur sannleikur að það sé hyldjúp gjá milli fræða og vettvangs. Í daglegu starfi Menntavísindasviðs menntum við grunnfagstéttir í menntakerfinu og eigum í gríðarlega miklu samstarfi við bandamenn okkar um menntun. Við megum gera betur – alltaf, en það er mikilvægt líka að halda á lofti því sem vel er gert og því mikla samstarfi sem er til staðar, við erum tengdari en við höldum oft á tíðum.

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir lektor ræðir um þann mikilvæga þátt samstarfsins sem er lærdómur þeirra sem þátt í því taka. Á mörkum fagstétta, rétt eins og á mörkum fræða og framkvæmdar fer fram geysilega mikið og mikilvægt nám. Talað er um *þriðja svæðið*, svæðið sem við lærum á, þar sem t.d. fræðimaðurinn og fagmaðurinn á vettvangi mætast og lær hver af öðrum. Rætt um mikilvægi þess að við tölum ekki um tileinkunn nýrrar þekkingar sem hreina viðbót, það er einfaldlega hluti af starfinu okkar (bæði háskólafélks sem og fagfélks af vettvangi) að þróa okkar starf.

Kristján Kristjánsson heimspekingur ræðir stöðu mála í Bretlandi. Hann telur Íslendinga standa að mörgu leyti betur að vígi en Breta þegar kemur að nemendum í menntavísindum. Á Íslandi er það svo að nemendur sem fara í gegnum HÍ og HA í kennaranámi fara langflestir til starfa í íslenskum skólum. Því er talsamband milli skólafólks og kennaraháskóla gott. Í Bretlandi menntar fólk sig út úr skólunum, af gólfinu. Í besta falli fer fólk í stjórnun en flestir fara bara í allt önnur störf. Í Bretlandi er ákveðin *sveinsnámsvæðing* til staðar, með afar fábrotnum grunni í kennslufræði. Á framhaldsskólastiginu eru skólar að breytast í *Free Schools* eða *academies* og þá ber skólunum í sjálfu sér ekki að ráða menntaða kennara, eða kennara sem hafa farið í gegnum krefjandi nám og unnið að rannsókn.

Anna Kristín Sigurðardóttir prófessor bendir á að þetta sé einmitt víti til varnaðar og vísar í nýtilkomin lög sem munu í framtíðinni heimila kennaranemum að klára meistaranám sitt án lokaritgerðar, svokallaður *kúrsamaster* eða *Master of Teaching*. Með því er í raun verið að veikja kennaranámið og veikja tengingu milli vettvangs og rannsókna. Anna Kristín Sigurðardóttir ræðir um þekkingu og gæði og spyr: Hvers konar þekking og hvers konar menntarannsóknir teljast til gæða? Frá hvaða sjónarhorni tala þeir sem mestu ráða um það?

Hvernig á ný þekking leið inn í skólana? Hvað segja stefnur og straumar – og valdhafar hverju sinni?

Anna Kristín Sigurðardóttir segir að rannsóknir og rannsóknarþátttaka séu lykill að umbótastarfi og breytingum. OECD hefur bent á þrjár hættur samfara áherslu á rannsóknir: Non-use.

- 1) Non-Use = Að rannsóknir séu hunsaðar, ekki nýttar.
- 2) Mis-Use = Að rannsóknir séu misskildar, rangtúlkaðar.
- 3) Ab-Use = Að rannsóknir séu beinlínis misnotkaðar.

Það er hægt að gripa í rannsóknir um eiginlega hvað sem er – og rökstyðja hvað sem er! Þannig segi rannsóknir okkur ekki endilega hvað á að gera, það mun ávallt þurfa faglega þekkingu og dómgreind til að túlka rannsóknir og búa til rannsóknir. Aftur erum við komin inn á hinn mikilvæga vettvang, þar er fólkið að finna sem túlkar og ákveður í kjölfarið hvað skal gera, hverju skal breyta og hvað skal þróa. Það virkar ekki að þýða rannsóknir, kynna rannsóknir eða segja frá þeim, ef kennarar/fagfólk eru ekki með í ferlinu og þátttakendur í ferlinu.

Bragi Guðmundsson frá Háskólanum á Akureyri hefur áhyggjur af þróun mála með hinn nýja *kúrsamaster*. Hann telur þetta vera mikilvægan hóp, meistaranema, sem hafa varpað ljósi á ýmsa mikilvæga þræði í rannsóknnum sínum á íslensku skólasterfi. Bragi ræðir sjálfsmatskýrslur framhaldsskóla, mikilvægur og stór gagnagrunnur en illa kynntur innan skólanna sjálfra. Eðlilegast er að ræða niðurstöður þeirra, umbætur í kjölfarið og þróunarverkefni sem þurfa að fara stað, innan skólanna sjálfra. Bragi ræðir sérstöðu Háskólans á Akureyri sem hefur sameinast í samræðu með fagfólki á gólfinu, sveitarfélaginu Akureyri og miðstöð skólaþróunar við HA.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir veltir upp þeirri framtíðarsýn að okkar samfélag, sem er ekki stórt í sniðum, geti sameinast um að setja áhersluna á *farsæld sem markmið menntunar* í forgrunn. Er það ekki gerlegt?

Kristján Kristjánsson svarar því til að *farsæld sem markmið menntunar* er ekki mjög fjarri íslensku skólasamfélagi. Hans reynsla sé sú að þegar skólastjórnendur og skólafólk er spurt, þá sé svarið oft í þeim anda sem einkennir *farsældarmenntun*.

Hafdís Guðjónsdóttir nefnir að á málstofum *Menntakviku* þar sem fagfólk af vettvangi hafi kynnt lokaverkefni sín hafi einmitt verið áberandi þemu á borð við samskipti, líðan og tengsl nemenda og kennara.

Nanna Kristín Christiansen bendir á í þessu samhengi að stundum verður til „pólarisering“ hvað þetta varðar. Að of mikill fókus á líðan þýði þá að árangur, þróun og skilvirkni sé ekki áhersluatriði, og svo á hinn bóginn að ef áhersla á þróun, árangur og skilvirkni sé of mikil þá líði börnum illa. En þetta er meingallað viðhorf, þetta eru ekki tvær ólíkar hliðar.

Kristján Kristjánsson bendir á að oft ríki mjög mikill misskilningur milli ólíkra hópa um það hvað hópar *telja að aðrir hópar telji* vera markmið menntunar. En svo þegar hóparnir eru inntir eftir svari þá séu samt allir sammála: *Farsæld, mannkostir!* Það sé engu líkara en að

stórkostlegur skortur á upplýsingaflæði sé á milli þessara hópa. Kristján bætir við að enginn þessara hópa sé í þeirri valdastöðu að ráða í raun því sem gerist innan skólanna.

Kristín Karlsdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir nefna að aðalnámskráin frá 2011 setji alla þessa mannkosti í forgrunn, sem og áherslu á lýðræði, vellíðan og félagsfærni. En hvort sem talið berst að mati á skólastarfi, ferli umbóta eða árangur og skilvirkni: Kennarar vantroysta of mikið eigin dómgreind.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir slær botnin í hringborðsumræður FUM á Menntakviku 2019 með því að ítreka að verkefnið sé að efla fagvitund og faglegt sjálfstraust kennara, til að þeir njóti sín betur sem þeir sérfræðingar sem þeir sannarlega eru. Menntakerfið þarf fleiri brúarsmiði, til að tengja betur saman fræði og fagvettvang. Þá þarf starfsumhverfi skólanna að breytast töluvert svo starfsþróun og svigrúm til rýnis í eigið starf geti átt sér stað.

Samantekt gerði Oddný Sturludóttir, verkefnastjóri og aðjunkt við Menntavísindasvið, og stjórnarkona í FUM.